*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 141/1829*
*komudagur 1.3.2013*

**From:** Guðlaugur Sverrisson [mailto:gudlaugur@urvinnslusjodur.is]
**Sent:** 1. mars 2013 11:24
**To:** Eiríkur Áki Eggertsson
**Cc:** gudrun.thorleifsdottir@fjr.is; sigurbjorg.saemundsdottir@uar.is
**Subject:** Athugasemd frá Úrvinnslusjóði vegna frumvarps um breytingar á lögum nr. 55/2003

Berist til formanns Efnahags- og viðskiptanefndar, Helga Hjörvars:

Ætlunin er að breyta úrvinnslugjaldi á allar plastumbúðir sem og heyrúlluplasti í frumvarpi sem nú er til umfjöllunar í nefnd yðar. Í lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002 er upphæð úrvinnslugjalds á plastumbúðir ákvarðað í 7 gr.a, en upphæð úrvinnslugjalds á heyrúlluplast í viðauka I í sömu lögum. Eins og frumvapið er núna er eingöngu breytt úrvinnslugjaldi á heyrúlluplasti í viðauka I úr 12 kr/kg í 14 kr/kg.

Greinin hljóðar svo í frumvarpinu:

1. gr.

Í stað „12,00 kr./kg" í viðauka I við lögin kemur: 14,00 kr./kg.

Lagt er til að bætt verði við frumvarpið breytingu á 1. mgr. 7. gr. a í frumvarpinu:

[Úrvinnslugjald skal leggja á umbúðir gerðar úr papa og pappír, [15 kr./kg],1) og umbúðir gerðar úr plasti, [12 kr./kg].1)]2) Úrvinnslugjald skal leggja á hvort sem umbúðir eru
einar sér eða utan um vörur sem fluttar eru til landsins. Úrvinnslugjaldskal lagt á samkvæmt upplýsingum gjaldskylds aðila um þyngd, tegund og samsetningu umbúða, sbr. þó [4. mgr.]3) Þetta á einnig við um samsettar umbúðir.

Í stað "og umbúðir gerðar úr plasti, 12 kr/kg" skal koma "og umbúðir gerðar úr plasti 14 kr/kg." Þessu þarf að bæta við 1. gr. frumvarpsins. Greinin mun því hljóða svo eftir breytingar.

1. gr.

Í stað „12,00 kr./kg" í viðauka I við lögin kemur: 14,00 kr./kg. Eftirfarandi breytingar verða á 1 mgr. 7. gr. a. í stað 12,00 kr./kg kemur 14,00 kr./kg.

Er þetta gert til að mæta sjóðstapi og mun sjóður vegna plastumbúða ná jafnvægi á árinu 2015.

Kveðja:
Guðlaugur Gylfi Sverrisson
Verkefnastjóri
Sími 517-4702 GSM 660-4702
gudlaugur@urvinnslusjodur.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1864
komudagur 4.3.2013






## Úrvinnslusjóður síðan 2003

**Forsendur úrvinnslugjalds**

Nauðsynlegt úrvinnslugjald er margfeldi af kostnaði við söfnun, flutninga og ráðstöfun [kr/kg] og skilahlutfalli.

Skilahlutfall er safnað magn deilt með álögðu.

Sjóður jafnar sveiflur og er á móti skuldbindingum vegna tímaseinkunar.

**Skuldbingingar**

Gróft mat er að kostnaður vegna vara/úrgangs sem greitt hefur verið af enn ekki skilað sér sé á hverjum tíma um 1 milljarður + 6 milljarðar vegna ökutækja









## Rekstur frá 2010 og áætlun (haust 2012)




**Rekstraráætlun**

Rekstraráætlun er í raun áætlun um umsvif í þjóðfélaginu, hversu langur tími líður frá því að vara kemur á markað þar til hún verður að úrgangi og árangur við söfnun

**Hækkun á úrvinnslugjaldi**

Tillaga um hækkun úrvinnslugjalds á:

Leysiefni, olíumálningu , framköllunarefni og plastumbúðir (þ.m.t. heyrúlluplast)

Miðað við áætlað magn og að úrvinnslugjaldi er gert ráð fyrir að hækkunin skil um 42 milljónum m.v. ár

**Leiðrétting**

Gert var ráð fyrir að úrvinnslugjald væri hækkað á plastumbúðir þ.m.t. heyrúlluplast (12 kr/kg í 14 kr/kg)

Frumvarpið nær þó aðeins til heyrúlluplasts

Óskað er eftir að Efnahags- og viðskiptanefnd leiðrétti þetta